

Foreldrafélag Grunnskóla Seltjarnarness

Sjötti fundur skólaársins 2012-2013

Dagsetning: 4. febrúar 2013

Fundartími: 17:30-18:30

Fundarmenn:

Björgúlfur Ólafsson, Edda Björk Andradóttir, Halldóra Pálsdóttir, Helga Ólafsdóttir, Magnús Örn Guðmarsson, Sigurlína Margrét Magnúsdóttir og Þórarinn Sv. Arnarson

Fundarritari: ÞSA

Fundargerð:

EBA lagði fram dagskrá fundarins sem hafði áður verið send fundarmönnum.

1. Fundargerð síðasta fundar
Samþykkt.

2. Staða á reikningi

Rúm milljón á reikningi. Innheimta hefur ekki gengið alveg nógu vel. Þarf að senda áminningu á foreldra varðandi greiðslu ásamt reikningsnúmeri, kennitölu og upphæð. Þó nokkrir virðast ekki hafa fundið greiðsluna í netbankanum.

3. Öskudagur

Búið að panta töframann og nammi fyrir báða skólana. Margrét í Selinu skipuleggur dagskrána. Jói dans stýrir skemmtuninni. EBA leggur fram dagskrá öskudagsins.

4. Opið hús

Allt klárt – Vilborg pólfari mun halda erindi. Auglýsa í Nesfréttum ef tímasetning passar. Spurning hvort hægt væri að kynna fyrirlesturinn fyrir eldri krökkunum í skólanum, t.d. vekja athygli kennara á fyrirlestrinum. Munum senda póst til foreldra en þarf að meta hvort hægt er að auglýsa meira.

5. Síðasti skólaráðsfundur

Fundargerð verður send á stjórnarmenn. Netnotkun var t.d. rædd á fundinum s.s. Facebook. Kennarar hafa áhuga á að nýta Facebook til aðstoðar við kennsluna.

6. Fréttabréf vorannar

Dreifing eftir páska, miða við að dreifa viku fyrir aðalfundinn. Þurfum að vita fyrir lok mánaðarins hvort 7. bekkur þiggur boð um að safna styrktarlínum fyrir fréttabréfið. EBA kannar það.

7. Önnur mál

HP hefur haft samband við Ester Ösp Valdimarssdóttir sem gæti haldið erindi á aðalfundi. Hún vinnur að meistararitgerð sem heitir "Reiðar stelpur". Önnur vika í apríl myndi henta henna t.d. kl. 17:30, þó ekki á þriðjudegi. Það þarf að ákveða hvenær aðalfundurinn verður haldinn m.a. með þetta í huga. Kannski fá kórinn til að syngja í lok aðalfundarins? Þítsuboð á eftir? SMM ætlar að tala við Ingu.

Vorball í Való. Foreldrafélag skipuleggur mönnun á því. Þarf að meta hvort 10. bekkingarnir geti fengið minningabækurnar fyrr um daginn til að byrja að skrifa í þær, ekki bara á ballinu. EBA kannar dagsetningu ballsins. Vorhátíð er 4. júní. Þarf að skipuleggja mönnun á vöktum á henni s.s. grillara, hoppukastala o.þ.h.

Tómstundarherbergi í Való var lokað aftur vegna lekavandamála í herberginu.

Næsti stjórnarfundur verður haldinn **mánudaginn 4. mars kl. 17:30-19:00.**